

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
53. fundur.

Miðvikudaginn 2. júlí 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum, kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Þorleifur Ingvarsson ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Málafni leikskóla.
2. Húsnæðismál.
3. Fundargerðir:
 - a) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 12. júní 2008.
 - b) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 22. júní 2008.
 - c) Fjallskiladeildar Grímstungu og Haukagilsheiða dags. 19. júní 2008.
4. Bréf:
 - a) Frá SSNV dags. 10. júní 2008.
 - b) Frá NKG ódagsett.
 - c) Frá Jónu Fanney Svavarsdóttur dags. 9. júní 2008.
 - d) Frá Samkórnum Björk dags. 4. júní 2008.
 - e) Frá Landsneti dags. 23. júní 2008.
5. Önnur mál

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna sérstaklega bauð hann velkomna til fundar Guðmundu S Guðmundsdóttur sem mætti sem varamaður fyrir Birgir Inghórssón. Þá dreifði oddviti og fór yfir minnispunkta frá sveitarstjóra varðandi helstu verkefni sem í gangi eru.

1. Málafni leikskóla.

Bygging leikskólans er á lokastigi og mun verktakinn ljúka sínum verkþætti að mestu í þessari viku.

Þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar hafa engar umsóknir borist um starf leikskólastjóra. Samþykkt var að fela oddvita og sveitarstjóra að leita lausna varandi mannráðningar og einnig að gera tillögur að skipulagningu á starfseminni í samstarfi við fræðslunefnd og fræðslustjóra.

Ákveðið var að gera könnun meðal foreldra barna á forskólaaldri varðandi óskir um nýtingu leikskólans.

Samþykkt var að bjóða uppá gjaldfrían leikskóla fyrir íbúa sveitarfélagsins á fyrsta starfsári skólans.

2. Húsnæðismál.

Oddviti ræddi hugmyndir varðandi byggingu íbúða við Steinholt samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagi, ákveðið var að fela sveitarstjóra að hefja undirbúning að byggingu á parhúsi.

3. Fundargerðir:

- a) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 12. júní.2008.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 53. fundur.

b) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 22. júní. 2008.

Lögð fram til kynningar.

c) Fjallskiladeildar Grímstungu og Haukagilsheiðar dags. 19.júní. 2008.

Lögð fram til kynningar.

4. Bréf:

a) Frá SSNV dags. 10.júní.2008

Efni: Tilkynning um breytingar á þingsköpum SSNV. Samkvæmt nýjum reglum á Húnavatnshreppur rétt á þrem fulltrúum á ársþing SSNV.

b) Frá NKG, ódagsett

Efni: Umsókn um styrk vegna nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Hreppsnefnd hafnar erindinu en er jákvæð gangnvart því að styrkja nemendur Húnavatnshrepps til þátttöku.

c) Frá Jónu Fanney Svavarsdóttur dags. 9. júní 2008.

Efni: Beiðni um styrk vegna söngnáms á Ítalíu. Hreppsnefnd samþykkti að styrkja Jónu Fanney um 100.000 kr.

d) Frá Samkórnum Björk dags. 4. júní 2008.

Efni: Beiðni um styrk til starfsemi kórsins. Hreppsnefnd samþykkti að styrkja kórin um 50.000 kr. vegna útgáfu á geisladiski.

e) Frá Landsneti dags. 23. júní 2008.

Efni. Beiðni um breytingu á svæðisskipulagi vegna lagningu á háspennulínu. Sveitarstjóra var falið að vinna að málinu.

5. Önnur mál

Erindi frá Jóhönnu G Magnúsdóttur, Hnjúki, varðandi styrkbeiðni vegna þátttöku í heimsmeistaramótinu í glímu. Samþykkt var að styrkja Jóhönnu um 25.000 kr.

Erindi frá Sólveigu S Einarsdóttur varðandi styrkbeiðni vegna söngdaga á Húnavöllum í ágúst nk. Samþykkt var að styrkja verkefnið um 100.000 kr.

Jóhanna Pálmadóttir lagði fram og talaði fyrir svohljóðandi tillögu varðandi brunavarnir. Hreppsnefnd Húnavatnshrepps beinir því til aðalfundar Brunavarna A-Hún að efla fræðslu um brunavarnir í útihúsum í dreifbýli.

Guðmundur Hallgrímsson verkefnisstjóri Borgarbyggðar hefur verið frumkvöðull í að efla brunavarnir í Borgarfirði og er til eftirbreytni hvernig hann hefur unnið. Hann er tilbúinn að mæta á svæðið og kynna starf sitt.

Eftir umræðu undanfarna daga er ljóst að brunavörnum í útihúsum er mjög ábótavant og er full ástæða til að vekja máls á því og finna leiðir til úrbóta, þar erum við í A-Hún ekki undanskilin því það er of seint þegar skaðinn er skeður.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Ólöf Birna Björnsdóttir ræddi um frístundakort fyrir börn og unglunga. Samþykkt var að skoða málið við gerð fjárhagsáætlunnar næsta árs.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
53. fundur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.30

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jón Gíslason

Guðmunda S Guðmundsdóttir

Jóhanna E Pálmadóttir

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M Lárusdóttir

Þorleifur Ingvarsson